

## Fyrirspurn

til innanríkisráðherra um flutning verkefna til sýslumannsembætta.

Frá Bjarkeyju Olsen Gunnarsdóttur.

1. Hvernig miðar framkvæmd aðgerðaáætlunar um flutning verkefna til embætta sýslumanna sem gerð var samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I í lögum nr. 50/2014? Telur ráðherra að markmið áætlunarinnar hafi náðst?
2. Hyggst ráðherra brydda upp á nýjum verkefnum sem sinnt verður af sýslumannsembættum eða stuðla að því með öðrum hætti að sýslumannsembættin fái viðtækari og styrkari verkefnagrundvöll?

Skriflegt svar óskast.